

FYLGISKJAL NR. 1015

DAGS 27.08.2002

SAMANTEKT:

64. fundur skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar (Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjelsted, Pétur Fenger, Eyjólfur Árni Rafnsson og Ólafur Gunnarsson – Einnig sátu fundinn Ásbjörn Þorvarðarson byggingarfulltrúi og Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur – Fundargerð skráði Tryggvi Jónsson)

Undir 7. dagskrárlið var fjallað um málefni er varðar Hamrafell, Hjallabrekku og Hulduhóla. Nýtt erindi hafði borist (sjá í fylgiskjalinu) sem dagsett er 17. águst 2002. Þar kemur m.a. vitneskja leigutaka að Hamrafelli, Hjallabrekku og Hulduhólum að íbúar við Björtuhlíð, Bröttuhlíð og Hulduhlíð höfðu gert athugasemdir við fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar tengdum breytingum á nýtingu lands og landnotkun á Hamrafelli, Hjallabrekku og Hulduhólum. Lögð er áhersla á þéttleika byggðar en á gildandi aðalskipulagi var um að ræða að þetta yrði gert að útivistasvæði, þ.e. land að Hamrafell, Hjallabrekku og Hulduhóla. Fundurinn tekur þetta erindi fyrir þar sem lóðaleiguhafar óska eftir því að hafnar verði viðræður við lóðahafa um gerð deiliskipulags á svæðinu.

Þess getið að Haraldur Sverrisson hafi vikið af fundinum undir þessum dagskrárlið. Nefndin er sögð jákvæð fyrir erindinu og felur umhverfisnefnd að vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Hér verða vatnaskil í þessu máli, nýr meirihluti.

